



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Reykholti, 5. október 2023
2309038 AS

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 4. október 2023:

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi umsögn og ábendingar:


Áhersla er í þingsályktunartillögunni á sameiningu sveitarfélaga til að auðvelda sveitarfélögum að standa undir lögbundinni þjónustu, væntingum íbúa og fjárhagslegum skuldbindingum sínum til framtíðar. Ljóst er að frekari sameiningar sveitarfélaga munu leiða til þess að á landsbyggðinni verða fleiri víðfeðm, fjölkjarnasveitarfélög en nú er. Einnig er áhersla á að leggja grunn að fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga á næstu árum. Í ljósi framangreinds er það mat Bláskógabyggðar að huga verði að því að framtíðartekjumódel sveitarfélaga taki mið af þeim kostnaði sem felst í því að reka víðfeðm, fjölkjarnasveitarfélög, þar sem grunnþjónusta er veitt íbúum sem næst þeirra heimili, í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru á hugtakið búsetufrelsi, þar sem þjónusta og búsetuskilyrði eru sambærileg, óháð búsetu.

Í umfjöllun um fjármál og rekstur er komið inn á það að fámenn sveitarfélög séu líklegri til að takast á við fjárhagsvanda heldur en fjölmennari sveitarfélög, hafi þau ekki aðgang að sértækum gæðum í náttúru og/eða öflugu atvinnulífi. Bláskógabyggð hefur aðgang að slíkum sértækum gæðum, í formi frístundabyggða, sem skilar fasteignaskattstekjum til sveitarfélagsins. Í kaflanum er einnig tekið fram að eitt af markmiðum endurskoðunar regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé að hvetja til sameiningar sveitarfélaga í því skyni að bæta fjárhagslega getu þeirra. Af hálfu Bláskógabyggðar þykir ástæða til að benda á að fyrirliggjandi tillögur um að fella fasteignaskattsframlag Jöfnunarsjóðs inn í eitt framlag með tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlagi eru ekki til þess fallnar að bæta fjárhagslega getu Bláskógabyggðar. Breytingartillögurnar gera það þar með líklegra að víðfeðma, fjölkjarnasveitarfélagið Bláskógabyggð, muni í framtíðinni þurfa að takast á við þann fjárhagsvanda sem að framan er lýst að minni sveitarfélög glími gjarnan við. Verði breytingartillögurnar að veruleika, án þess að horft sé til þess viðbótarkostnaðar sem kemur á móti þeim tekjum sem Bláskógabyggð hefur af fasteignasköttum af frístundahúsum og felst m.a. í þjónustu við sumarhús á sviði brunavarna-, skipulags- og byggingarmála, sorpmála, veghalds og fráveitu verður fjárhagslegri sjálfbærni Bláskógabyggðar, og eflaust fleiri sveitarfélaga, stefnt í hættu.

Að lokum er af hálfu Bláskógabyggðar hvatt til þess að sama orðalag verði tekið upp í þingsályktunartillögunum varðandi skýringu á hugtakinu búsetufrelsi og notað er í Hvítbók um skipulagsmál, sem Innviðaráðuneytið hefur sent til umsagnar í Samráðsgátt, þ.e. að skýrt verði tekið fram að með búsetufrelsi sé ekki verið að opna fyrir að fólk geti valið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabyggð.



Virðingarfyllst,


Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

